

Skattlagning inn- greiðslna í lífeyrissjóði

Eftir Guðmund
Gunnarsson

ÞEIR sem hafa stutt að skattleggja eigi inn-
greiðslur í lífeyrissjóði
fremur en að skatt-
leggja lífeyrisgreiðslur
hafa sett upp einfalt
reikningsdæmi og
fengið út úr því að það
skipti lífeyrisþega engu
hvort þeir greiði skatt
strax eða þegar lífeyrir
sé tekinn út og miða
þar við að 3,5% ávöxtun
náist í 40 ár allan tímann. Þetta dæmi
er einfaldað, hvort það sé gert vísvit-
andi eða hvort viðkomandi þekki ekki
skattkerfið skal ósagt látið. Það blasir
þó við þeim sem þekkja til í skatta-
málum að inn í málið blandast per-
sónuafsláttur og fjölmörg önnur flók-
in mál. Þetta ættu þingmenn að
þekkja út og inn vegna þess að það
eru þeir sem sjá um að setja leik-
reglur skattamála. Hið rétta er að
ef skattfrelsmörk miðast við sömu
laun og skattfrelsmörk eins og þau
eru nú, gætu greiðslur til lífeyrisþega
(eftir skatt) lækkað um allt að 15%.
Til að halda greiðslum til lífeyrisþega
óbreyttum þyrftu skattfrelsmörk
iðgjalda að miðast við töluvert hærri
laun, þar sem lífeyrisgreiðslur eru yf-
irleitt um 50-60% af þeim launa-
greiðslum sem iðgjöld hafa verið



Guðmundur
Gunnarsson

greidd af, miðað við 40
ára inngreiðslutíma.
Stór hluti lífeyrisþega
er undir skattfrel-
ismörkum í núverandi
kerfi. Þetta þýðir í
frankvæmd að ríkið
þarf að greiða sjóð-
félaga út þann ónýtta
persónuafslátt sem
hann hefði annars nýtt
hefði skattur verið dreg-
inn af lífeyrisgreiðslum
við útgreiðslu. Einnig
blasir við að ef fara á
þessa leið verður að loka
núverandi kerfi. Það gæti leitt til þess
að skerða þyrfti réttindi sjóðsfélaga
um allt að 25% í sumum sjóðum, sem
er ekkert smámál þar sem það fellur
ekki jafnt á alla hópa. Með þessu vex
mismunum milli þeirra sem eru í rík-
istryggðu sjóðunum sem flutnings-
menn tillögunnar eru í, og svo þeim
sem eru í almennu sjóðunum, er þó sú
mismunur ærin fyrir. Það blasir líka
við að ráðstöfunartekjur lífeyrissjóða
munu minnka. Þeir verða því ekki
jafn vel í stakk búnir að fjármagna
nýsköpun í atvinnulífnum, mæta fjár-
þörf ríkis og sveitarfélaga sem og að
taka þátt í endurreisn fjármálamark-
aða þegar fram líða stundir. Meg-
inreglan um skattlagningu til lífeyr-
isþega innan ESB er að enginn
skattur er lagður á iðgjöld og fjár-
magnstekjur, en lífeyrir er skatt-

» Megineinkenni líf-
eyrissjóðakerfisins
er að hver kynslóð
stendur undir sínum líf-
eyri með sparnaði en
veltir ekki kostnaðinum
yfir á næstu kynslóðir.

skyldur. Frankvæmdastjórn ESB
hefur mælt eindregið með að sú leið
verði almennt viðhöfð í aðildarríkj-
unum og hefur sett fram þá skoðun
með ítarlegum rökstuðning í svoköll-
uðum „Communication paper“
(COM-2001-214). Meginkostur varð-
andi samræmingu beitingar er sú að
hún auðveldar flutning launamanna
milli landa innan EES-svæðisins, þar
sem hún kemur í veg fyrir tvískatt-
lagningu lífeyrisgreiðslna eða að líf-
eyrir sé greiddur út óskattaður.
Megineinkenni og styrkur núverandi
lífeyrissjóðakerfis er að hver kynslóð
stendur undir sínum lífeyri með
sparnaði en veltir ekki kostnaðinum
yfir á næstu kynslóðir eins og flestar
þjóðir gera. Lífeyriskerfi sem bygg-
ist á sjóðssöfnun mun ef það fær að
búa við viðunandi starfsskilyrði leiða
til samkeppnishæfara atvinnulífs í
fram tíðinni og þar með betri lífs-
kjara. Það byggist m.a. á því að ís-
lensk fyrirtæki muni ekki þurfa að
afla verðmæta til að standa undir
tröllvöxnum kostnaði vegna stórau-
innar lífeyrisbyrði sem mun óhjá-
kvæmilega fylgja öldrun þjóða á
Vesturlöndum.

Höfundur er formaður
Rafíðnaðarsambandsins.

